

# AVS RANNSÓKNASJÓÐUR Í SJÁVARÚTVEGI AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM:

## Í styrki til rannsókna- og þróunarverkefna í sjávarútvegi.

Lögð verður áhersla á verkefni sem snerta fiskeldi, líftækni, veiðar, vinnslu, búnað, gæði og markaði. Styrkir AVS rannsóknasjóðs eru til hagnýtra rannsókna og ætlaðir einstaklingum, fyrirtækjum, rannsókna-, þróunar- og háskólastofnunum. Stjórn sjóðsins forgangsraðar styrkjum til rannsókna í þágu verkefna sem auka verðmæti sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni sjávarútvegsins.

Umsóknir skulu hafa borist AVS rannsóknasjóðnum í síðasta lagi 1. febrúar 2008

## Í markaðsverkefni bleikjuafurða.

Veitt verður sérstakt 10 milljóna króna framlag næstu tvö ár til markaðs- og sölustarfs í bleikju. Þessum fjármunum verður úthlutað í gegnum AVS.

Umsóknir skulu hafa borist AVS rannsóknasjóðnum í síðasta lagi 1. febrúar 2008.

## Í aflaheimildir til áframeldis á þorski.

Sjávarútvegsráðherra hefur til ráðstöfunar sérstakar aflaheimildir sem nema 500 lestum af óslægðum þorski. Aflaheimildirnar eru ætlaðar þeim sem vilja stunda tilraunir með áframeldi á þorski.

Umsóknir skulu hafa borist AVS rannsóknasjóðnum í síðasta lagi 21. janúar 2008 merktar: „Úthlutun á þorskaflaheimildum til áframeldis.“